

L Ö G

97

11. júní

um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar
á íslenskum skipum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 49. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi.

Undanþegin ákvæðum 1. málsg. þessarar greinar um skyldu til að hafa stýrimann auk skipstjóra eru fiskiskip og bátar undir 30 rúmlestum, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega.

2. gr.

Aftan við 1. málsg. b-liðs 51. gr. laganna bætist:

Undanþegin ákvæðinu um aðstoðarmann í vél eru þó öll fiskiskip, sem hafa minni vél en 800 hestafla.

d-liður sömu gr. laganna orðist svo:

Á eimskipi með meira en 1200, en ekki yfir 2500 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skírteini samkv. 33. gr., og tveir undirvélstjórar, sem öðlazzt hafa skírteini samkv. 31. gr.

Sé skipið farþegaskip og vél þess yfir 1800 hestafla, skal það auk þess hafa einn aðstoðarvélstjóra, sem öðlazzt hefir skírteini samkv. 29. gr.

e-liður sömu gr. laganna orðist svo:

Á eimskipi með yfir 2500 hestafla vél skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skírteini samkv. 33. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazzt hafa skírteini samkv. 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazzt hefir skírteini samkv. 29. gr.

3. gr.

c-liður 52. gr. laganna orðist svo:

Á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn vélstjóri, sem öðlazzt hefir skírteini samkvæmt 38. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skírteini samkvæmt 36. gr. Fiskiskip og bátar, sem ætlað er að koma daglega að landi með afla sinn, eru þó ekki skyld til að hafa undirvélstjóra, ef skipstjóri hefir öðlazzt vélgæzluréttindaskírteini samkvæmt 36. gr.

4. gr.

Á eftir 1. málsg. 57. gr. laganna kemur ný málsg., svo hljóðandi:

Þetta ákvæði tekur þó ekki til réttinda til skipstjórnar á varðskipum ríkisins, nema þau séu fengin með siglingatíma á þesskonar skipum, innlendum eða erlendum, samkv. ákvæðum 21.—23. gr. þessara laga.

5. gr.

Á eftir 63. gr. laganna komi eftirfarandi

97

Ákvæði til bráðabirgða.

11. júní

Á árinu 1938 fer fram endurskoðun laga þessara eftir fyrirmælum atvinnumálaráðherra, og skulu til endurskoðunarinnar kvaddir fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

98

L Ö G

11. júní

um rekstrarlánafélög.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Útvegsmönnum í einu og sömu verstöð eða byggðarlagi er rétt að stofna rekstrarlánafélög samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hlutverk rekstrarlánafélaga er að annast útvegum rekstrarlána handa félagsmönnum sínum.

Félögin geta einnig haft með höndum sameiginleg innkaup á nauðsynjum félagsmanna til útgerðar og sölu á afurðum þeirra.

Rekstrarlánafélögin skulu haga starfsemi sinni þannig:

- a) að svo tímanlega sé samið um rekstrarlán handa félagsmönnum, að þeir geti óhindraðir hafið fiskveiðar í byrjun vertiðar.
- b) að félagsmenn geti jafnan orðið aðnjótandi beztu kjara á aðkeyptum nauðsynjum til rekstrar síns, með því að geta boðið staðgreiðslu.

3. gr.

Ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum rekstrarlánafélaga getur verið með tvennu móti:

- a) að félagsmenn ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins.
- b) að hver félagsmaður ábyrgist einungis sína eigin skuld, að viðbættri tiltekinni upphæð, sem nánar sé ákveðin í lögum hvers félags.